

## Fyrirspurn

til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um stafrænar smiðjur.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

- Telur ráðherra að aðgengi að stafrænum smiðjum hafi aukist í kjölfar þess að Alþingi samþykkti ályktun nr. 19/148, um aðgengi að stafrænum smiðjum?
- Voru öll atriði þeirrar áætlunar framkvæmd sem samþykkt var að ráðherra ætti að vinna?
- Hver var framvinda verkefnisins og hversu miklu fjármagni var varið í það?
- Hvernig er aðgengi grunnskólanema að stafrænum smiðjum háttað nú og hvernig hefur það breyst eftir samþykkt fyrrgreindrar þingsályktunar?

Skriflegt svar óskast.